

STARFSÁÆTLUN
GRUNNSKÓLADEILDAR
ÞINGEYJARSKÓLA

2025-2026



Ábyrgð - Virðing - Gleði

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Um skólann.....	4
Hagnýtar upplýsingar.....	5
Húsnæði skólans.....	5
Mötuneyti.....	5
Bókasafn skólans.....	5
Skólaakstur.....	6
Forföll og leyfi.....	6
Óveður og/eða ófærð.....	6
Hlutverk, gildi og framtíðarsýn.....	7
Framtíðarsýn Þingeyjarskóla.....	7
Leiðarljós starfsfólks Þingeyjarskóla í samskiptum.....	7
Skólinn í tölum 2025-2026.....	8
Nemendur - fjöldi í árgöngum og bekkjarskipan 2025-2026.....	9
Stjórnskipulag Þingeyjarskóla.....	10
Skipurit Þingeyjarskóla.....	10
Starfsfólk grunnskóladeildar Þingeyjarskóla 2025-2026.....	11
Starfsáætlun nemenda.....	12
Skóladagatal.....	12
Skýringar við skóladagatal.....	13
Helstu viðburðir skólaársins.....	15
Haustþema.....	15
Haustgleði.....	15
Jólafondurdagur.....	15
Jólaþema.....	15
Litlu jól.....	16
Danskennsla.....	16
Öskudagur.....	16
Vorgleði.....	16
Skíðaferð.....	16
Vorþema.....	16
Samstund - STÁSS tími.....	17
Kíló-mílan.....	17
Skólaferðir nemenda 9. - 10. bekkja.....	17
Nám og kennsla.....	17

Skipulag kennslu.....	18
Námsmat.....	18
Tækni.....	18
Valgreinar.....	18
Grunnpættir menntunar	19
Læsi.....	19
Sjálfbærni.....	20
Heilbrigði og velferð.....	20
Lýðræði og mannréttindi	21
Sköpun	21
Jafnrétti.....	21
Skólareglur Þingeyjarskóla.....	22
Nefndir og ráð.....	22
Skólaráð.....	22
Nemendaráð Þingeyjarskóla.....	23
Nemendaverndarráð.....	23
Fundaskipulag og faglegar nefndir skólans.....	23
Foreldrasamstarf.....	24
Foreldraviðtöl.....	24
Samskipti skóla og foreldra.....	24
Foreldrafélag.....	24
Stjórn foreldrafélags Þingeyjarskóla.....	25
Lög foreldrafélags Þingeyjarskóla.....	25
Stoðþjónusta.....	25
Skipulag stoðþjónustu.....	25
Nemendaverndarráð.....	25
Stoðteymi.....	25
Læsisfræðingur.....	26
Sálfræðingur.....	26
Sérkennarar.....	26
Samstarfsaðilar.....	27
Ákvörðun um sérúrræði.....	27
Skimanir og greiningar.....	28
Stuðningsfulltrúar.....	29
Námsver.....	29
Trúnaðargögn.....	29

Skólahjúkrun.....	29
Heilbrigðisfræðsla.....	30
Skimanir.....	30
Heilsueflandi viðtöl um lífsvenjur og líðan.....	31
Bólusetningar.....	31
Hagnýtar upplýsingar.....	31
Veikindi og slys.....	31
Langveik börn.....	31
Lyfjagjafir.....	32
Höfuðlús.....	32
Félagslíf nemenda.....	32
Móttökuáætlanir.....	33
Móttaka nemenda í 1. bekk / Samstarf við leikskóladeildir.....	33
Móttaka nýrra nemenda.....	33
Móttaka nemenda með annað móðurmál en íslensku.....	34
Móttaka nýrra starfsmanna.....	34
Jákvæður agi.....	35
Mat á skólastarfi.....	36
Innra mat.....	36
Ytra mat.....	36
Áætlanir.....	37
Símenntunaráætlun.....	37
Óveður og/eða ófærð.....	37
Viðbrögð við áföllum.....	37
Áætlun gegn einelti.....	38
Jafnréttis- og mannréttindaáætlun.....	38
Rýmingaráætlun.....	38
Forvarnarstefna.....	38
Starfsmannastefna.....	38
Starfspróunarstefna.....	38
Veikindafaraldur.....	38
Viðbragsáætlun vegna jarðskjálfta og eldgoss.....	38
Áætlun um öryggi og slysavarnir.....	38

Inngangur

Samkvæmt grunnskólalögum ber hverjum grunnskóla að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Starfsáætlun Þingeyjarskóla er upplýsingarit um starfsemi skólans. Hér er m.a. gerð grein fyrir stjórnskipulagi skólans, skóladagatali, starfsáætlun nemenda, skólareglum, fyrirkomulagi kennslu, stoðþjónustu, félagslífi og öðru sem viðkemur skólahaldinu ár hvert.

Starfsáætlun skóla er lögð fyrir skólaráð og fræðslunefnd til umsagnar/staðfestingar. Starfsáætlun er birt á heimasíðu skólans og þar er einnig að finna aðra hluta skólanámskrár.

Um skólann

Þingeyjarskóli

641 Húsavík

Símanúmer: 464-3580

Heimasíða Þingeyjarskóla: www.thingeyjarskoli.is

Skólastjóri er Jóhann Rúnar Pálsson

Netfang skólastjóra: johann@thingskoli.is

Staðgengill skólastjóra er Hulda Svanbergisdóttir.

Húsvörður er Björgvin Viðarsson.

Þingeyjarskóli tók til starfa haustið 2012 eftir sameiningu Hafralækjarskóla, Litlulaugaskóla, leikskólanna Barnaborgar og Krílabæjar og tónlistardeilda. Grunnskólinn og tónlistardeildirnar störfuðu bæði í Litlulaugaskóla og í Hafralækjarskóla til vors 2015 en þá var ákveðið að færa alla starfsemi skólans, nema leikskóladeildanna, í húsnaði Hafralækjarskóla og um leið að nota alfarið nafn Þingeyjarskóla. Árið 2019 var starfsemi leikskóladeildarinnar Barnaborgar færð í húsnaði Þingeyjarskóla á Hafralæk. Haustið 2024 var gerð sú skipulagsbreyting að ráðinn var skólastjóri leikskóladeilda og þar með starfa tveir skólastjórar við Þingeyjarskóla.

Hagnýtar upplýsingar

Húsnæði skólans

Á aðalhæðinni eru kennslustofur og námsver. Þar má einnig finna bókasafnið sem hefur verið gert að miðju skólans. Rýmið er opið og aðgengilegt þar sem nemendur og starfsfólk geta bæði sótt bækur og skilað, auk þess sem hluti rýmisins er skipulagður sem lítil vinnusvæði. Þar skapast rólegur staður fyrir nemendur til að sinna námi sínu, annaðhvort í einrúmi eða í litlum hópum. Bókasafnið þjónar einnig samfélaginu þar sem það sameinar safn skólans og almenningsbókasafnið. Starfsmannaaðstaða er á hæðinni fyrir ofan mötuneytið, í rými sem áður var heimavist. Í vesturkjallaranum er tónlistardeildin með fjölbreytta aðstöðu fyrir tónlistarnám og þar er jafnframt frístund sem býður upp á starfsemi fyrir yngstu nemendurna. Í suðurkjallara eru list- og verkgreinastofur. Íþróttir eru kenndar bæði í Ýdölum og íþróttahúsi Framhaldsskólans á Laugum og sund í 25 metra langri sundlaug sveitarfélagsins sem er við íþróttahúsið. Skólalóðin er stór og umhverfið fjölbreytt. Leiksvæði nemenda er sunnan og austan við skólann. Á lóðinni eru fótboltavellir, körfuboltavöllur, leiktæki, ærslabelgur og sandkassi. Útikennslusvæði er sunnan við skólann. Þar er eldstæði staðsett í skógarrjóðri.

Mötuneyti

Mötuneyti er rekið af skólanum og býður sveitarfélagið upp á gjaldfríar máltíðir fyrir nemendur. Allur matur er eldaður í vel útbúnu eldhúsi skólans og er leitast við að bjóða upp á hollan og góðan mat. Boðið er upp á fjölbreyttan morgunverð og hádegisverð ásamt ávöxtum sem eru í boði um miðjan morgun og í frímínútum eftir hádegi. Matseðlar eru gefnir út mánaðarlega og birtir á heimasíðu skólans einnig birtast upplýsingar á upplýsingaskjá í setustofu skólans.

Bókasafn skólans

Á skólasafninu eru fræðibækur, heimildarit og skáldverk sem nemendur og starfsfólk geta nýtt sér á safninu og fengið lánuð heim. Stefna skólans er að safnið sé ávallt aðgengilegt nemendum á skólatíma. Þar fer fram margskonar verkefnavinna, yndislestur og sögustundir, en auk þess er boðið upp á bókasafnstíma þar sem nemendur læra um uppbyggingu bókasafna og hvernig þeir geta nýtt sér safnkostinn í leik og starfi.

Skólaakstur

Nánast allir nemendur Þingeyjarskóla nýta sér skólaakstur. Nemendur skólans koma úr Reykjadal, Aðaldal og Kinn. Skólabílstjórar eru fimm talsins. Nánari upplýsingar um leiðir skólabíla, nöfn og símanúmer bílstjóra er að finna á heimasíðu skólans. Mikilvægt er að forsjáraðilar láti skólabílstjóra vita ef barn mætir ekki í skólabíl, hvort sem um morgunferð eða heimferð er að ræða. Einnig þurfa forsjáraðilar að fá fyrirfram leyfi hjá skólabílstjórum ef óskir eru um að taka aðra nemendur með í bílinn en þá sem eiga að vera í viðkomandi skólabíl. Bílbelti er í öllum skólabílum og er nemendum skylt að nota þau. Heimakstur er 5-10 mínútum eftir að skóla lýkur. Skólareglur gilda í skólabílum.

Forföll og leyfi

Beiðni um leyfi skal berast frá foreldrum/forráðamönnum. Þurfi að óska eftir leyfi frá skóla fyrir nemanda lengur en í tvo daga ber foreldrum að hafa samband við skólastjóra en umsjónarkennari getur veitt leyfi til styttri tíma. Foreldrar eru minntir á að þeim ber að sjá til þess að nemendur vinni það upp sem þeir kunna að missa úr námi á meðan leyfi stendur, sbr. 15.gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Forföll nemenda þarf að tilkynna strax að morgni og nauðsynlegt er að tilkynna hvern þann dag sem barnið er fjarverandi nema ef um fyrirfram ákveðin leyfi er um að ræða. Þetta geta foreldrar gert með því að skrá sjálfir veikindi sinna barna í gegnum appið mentor.is, hringja í skólann eða senda tölvupóst á skólastjóra eða umsjónakennara. Hringt er heim til nemenda ef forföll eru ekki tilkynnt.

Óveður og/eða ófærð

Skólastjóri og skólabílstjórar meta sameiginlega hvenær veður og færð eru orðin það slæm að óhjákvæmilegt er að fella niður skólaakstur. Ef röskun verður á skólaakstri vegna óveðurs og/eða ófærðar verður tilkynning þess eðlis sett inn á heimasíðu skólans www.thingeyjarskoli.is og foreldrar/forráðamenn einnig upplýstir í gegnum tölvupóst og sms.

Skólasvæði Þingeyjarskóla er stórt og því getur veður og færð verið mjög mismunandi eftir svæðum. Það er foreldra að meta hvort þeir sendi börn sín í skóla og eru þeir beðnir að tilkynna það ef þeir telja nauðsynlegt að halda börnunum heima. Þurfi að senda nemendur fyrr heim

vegna veðurs eða veðurspár er gengið úr skugga um að foreldrar/forráðamenn nemenda fái vitneskju um það.

[Viðbragðsáætlun Þingeyjarskóla vegna óveðurs og/eða ófærðar.](#)

Hlutverk, gildi og framtíðarsýn

Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun.

(Lög um grunnskóla. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>)

Ábyrgð, virðing og gleði eru þau gildi sem höfð eru að leiðarljósi í starfi Þingeyjarskóla.

Framtíðarsýn Þingeyjarskóla

Þingeyjarskóli vinnur eftir [Skólastefnu Þingeyjarsveitar](#) sem er sáttmáli samfélagsins um þróun skólastarfs í sveitarfélaginu. Skólastefnan byggir á grunnþáttum menntunar eins og þeir eru skilgreindir í Aðalnámskrá og er ætlað að vera lifandi tæki sem markvisst er beitt til að gera gott skólastarf enn betra.

Skólastarfinu er ætlað að vera markvisst, skapandi og sveigjanlegt og hafa nám, velferð og þroska nemenda í fyrirrúmi. Tryggja skal nemendum og starfsfólki bestu náms- og starfsaðstæður sem völ er á hverju sinni. Leikreglur jafnréttis og lýðræðis skulu vera lifandi þáttur í öllu starfi skólans. Í Þingeyjarskóla skal í öllu skólastarfi leitast við að efla með nemendum samkennd, virðingu, sjálfstraust, félagsfærni, skapandi og gagnrýna hugsun, siðferðiskennd og lífsgleði.

Leiðarljós starfsfólks Þingeyjarskóla í samskiptum

- Við leitumst við að sýna hvert öðru virðingu, samkennd og traust.
- Við styðjum við bakið hvert á öðru.
- Við berum ábyrgð á okkar eigin orðum og gjörðum.

Skólinn í tölum 2025-2026

Fjöldi nemenda	62
Fjöldi starfsmanna	29
Fjöldi umsjónarkennara	3
Fjöldi almennra kennslustunda	243
Fjöldi sérkennslustunda	36
Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku	6
Fjöldi barna í Frístund	20
Stöðugildi í skólastjórn	1
Stöðugildi í kennslu	12
Fjöldi kennara	17
Hlutfall réttindakennara	87%
Stöðugildi stuðningsfulltrúa	3,3
Fjöldi stuðningsfulltrúa	4
Stöðugildi Frístundar	28%
Fjöldi starfsmanna í Frístund	4
Stöðugildi mötuneytis	2,75
Fjöldi starfsmanna í mötuneyti	3
Stöðugildi skólaliða	1,9
Fjöldi skólaliða	2
Kynjahlutföll starfsmanna kk/kvk%	19%/81%
Hlutfall nemenda í mötuneyti	100%
Stærð húsnæði í fermetrum	


Nemendur - fjöldi í árgöngum og bekkjarskipan 2025-2026

Bekkur	Fjöldi nem.	Samkenndsla	Umsjónarkennarar í teyðum
1.	4	Samkenndsla 1.-4. bekkur	
2.	2		Sunna Sæmundsdóttir
3.	11		
4.	3		
5.	4	Samkenndsla 5.-7. bekkur	
6.	10		Kristjana Eysteinsdóttir
7.	11		
8.	3	Samkenndsla 8.-10. bekkur	
9.	4		Hanna Skúladóttir
10.	10		

Stjórnskipulag Þingeyjarskóla

Skólastjóri grunnskóladeildar Þingeyjarskóla myndar skólastjórn ásamt leikskólastjóra Þingeyjarskóla og sjá þeir saman um sameiginleg verkefni og stefnumótun. Skólastjóri grunnskóladeildar ber aðalábyrgð á starfi grunnskólans, stefnu hans og starfsháttum.

Skipurit Þingeyjarskóla



Starfsfólk grunnskóladeildar Þingeyjarskóla 2024-2025

Nafn	Starfsheiti	Netfang
Anna Gerður Guðmundsdóttir	Grunnskólakennari	annagerdur@thingskoli.is
Árni Pétur Hilmarsson	Grunnskólakennari - í leyfi	arnipetur@thingskoli.is
Berglind Gunnarsdóttir	Kennari á miðstigi	berglind@thingskoli.is
Björgvin Viðarsson	Húsvörður	bjorgvin@thingskoli.is
Borgar Þórarinnsson	Tónlistarkennari og tölvuumsjónarmaður	borgar@thingskoli.is
Dagný Ósk Auðunsdóttir	Kennari á yngsta stigi	dagny@thingskoli.is
Guðmundur Árni Heiðarsson	Stuðningsfulltrúi á miðstigi	gummi@thingskoli.is
Hafdís Hjaltalín	Stuðningsfulltrúi á unglingastigi	hafdis@thingskoli.is
Hanna Skúladóttir	Umsjónarkennari á unglingastigi	hanna@thingskoli.is
Harpa Þ. Hólmgrímsdóttir	Kennari á mið- og unglingastigi. Umsjónarmaður Mentor	harpa@thingskoli.is
Heiða Guðmundsdóttir	Textílmenntakennari	heida@thingskoli.is
Helga Sigurbjörg Gunnarsdóttir	Verkefnastjóri stoðteymis og tengiliður farsældar barna	helga@thingskoli.is
Helga Björg Pálmadóttir	Sérkennari	helgabjorg@thingskoli.is
Hjördís Ólafsdóttir	Sálfræðingur	hjordis@thingskoli.is
Hulda Svanbergisdóttir	Sérkennari á yngsta stigi og staðgengill skólastjóra	hulda@thingskoli.is
Ingibjörg Lukka Stefánsdóttir	Skólahjúkrunarfræðingur	ingibjorgs@hsn.is
Iwona Wenta	Skólaliði	Iwona@thingskoli.is
Jakub Piotr Statkiewicz	Skólaliði	jakub@thingskoli.is
Jóhann Rúnar Pálsson	Skólastjóri	johann@thingskoli.is
Katla Valdís Ólafsdóttir	Kennari á miðstigi.	katla@thingskoli.is
Kristjana Eysteinsdóttir	Umsjónarkennari á miðstigi	kristjana@thingskoli.is
Kristrún Ýr Óskarsdóttir	Sjónlistakennari	kristrunyr@thingskoli.is
Margrét Höskuldsdóttir	Stuðningsfulltrúi á yngsta stigi	magga@thingskoli.is
Pétur Ingólfsson	Deildarstjóri tónlistardeildar	petur@thingskoli.is
Ránar Jónsson	Matráður/blönduð störf	ranar@thingskoli.is

Sigríður Guðmundsdóttir	Grunnskólakennari, umsjón á bókasafni	sigga@thingskoli.is
Sunna Sæmundsdóttir	Umsjónarkennari á yngsta stigi	sunna@thingskoli.is
Valgerður Jósefsdóttir	Íþróttakennari	valgerdur@thingskoli.is
Þorri Gunnarsson	Matráður	thorri@thingskoli.is
Þórdís Jónsdóttir	Stuðningsfulltrúi á yngsta stigi	thordis@thingskoli.is
Örn Björnsson	Grunnskólakennari	orn@thingskoli.is
Örn Logi Hákonarson	Matreiðslumaður	logi@thingskoli.is

Starfsáætlun nemenda

Skóladagur nemenda hefst kl. 8.15 á morgnana og lýkur kl. 15.00 alla daga nema föstudaga en þá lýkur skóla kl. 12:20 og nemendur fara heim að loknum hádegisverði. Skóladegi yngstu nemenda lýkur á frístundastarfi þar til skólabílar keyra heim.

Stundatöflur nemenda er að finna á Mentor og á heimasíðu skólans

<https://www.thingeyjarskoli.is/is/nemendur/stundaskrar>

Upplýsingar um stigsnámskrár eru inn á heimasíðu skólans.

<https://www.thingeyjarskoli.is/is/nemendur/stigsnamskrar>

Skóladagatal

Skóladagatal Þingeyjarskóla fyrir skólaárið 2025-2026 er að finna á vefsíðu skólans en einnig má skoða það [hér](#).

Skýringar við skóladagatal

- **15.-21. ágúst. Skipulagsdagar.** Þessa daga eru starfsmannafundir, námskeið, skipulagsfundir og fleira.
- **21. ágúst. Skólasetning.** Foreldrar og nemendur mæta á skólasetningu. Eftir hana fara allir nemendur til síns umsjónarkennara og fá afhentar stundatöflur ásamt skipulagi næstu daga.
- **25.-27. ágúst. Haustþema.** Þingeyjarskóli byrjar skólaárið á haustþema þar sem ákveðin viðfangsefni eru tekin fyrir hverju sinni. Haustferðir eru hluti af þemanu og eru mislangar

eftir aldri nemenda og eru farnar þegar best viðrar.

- **15. sept. Skipulagsdagur.** Þá eru nemendur í fríi og starfsmenn nýta daginn til undirbúnings, skipulags, funda og fleira.
- **16. sept. Stigskipt samstarf milli skóla í Þingeyjarsveit.** Eitt stig vinnur saman í hverjum skóla. Að þessu sinni verður yngsta stig í Þingeyjarskóla, miðstig í Reykjahlíðarskóla og unglingastig í Stórutjarnaskóla.
- **1. okt. Viðtöl.** Á viðtaladegi mæta nemendur ásamt foreldri/um, forráðamanni/mönnum í viðtal til umsjónarkennara. Nemendur hafa þá fengið úthlutað viðtalstíma og mæta eingöngu í það viðtal þennan dag.
- **6. - 7. nóv. Vetrarfrí** eru tvisvar á skólaárinu, í nóvember og febrúar. Þá eru nemendur og starfsfólk grunnskólans í fríi.
- **27. nóv. Haustgleði Þingeyjarskóla, tvöfaldur dagur.** Nemendur unglingastigs og 3. – 4. bekkja yngsta stigs sjá um skemmtiatriði á haustgleði. Þá er vaninn að setja upp leikrit í fullri lengd og enda kvöldið með góðum dansleik. Allir nemendur skólans mæta á haustgleði. Skemmtunin er haldin í Ýdölum og hefst kl. 19:30.
- **3. des. Jólaföndurdagur.** Foreldrum/forráðamönnum er boðið í skólann að fönndra með börnum sínum frá kl. 9.00-12.00. Nemendur fara heim eftir hádegismat.
- **16.-18. des. Jólápema.** Þingeyjarskóli er með jólápema í síðustu vikunni fyrir jólafrí. Þar er hefðbundið skólastarf brotið upp og unnið í aldursblönduðum hópum.
- **19. des. Litlu jól.** Þennan dag mæta nemendur þrúðbúnir að morgni. Stefnt er að hátíðlegum og notalegum morgni sem endar með hátíðarmáltíð.
- **2. jan. Skipulagsdagur.** Þá eru nemendur í fríi og starfsmenn nýta daginn til undirbúnings, skipulags, funda og fleira.
- **5. - 9. jan. Dansvika.** Í þessari viku er dansnámskeið sem allir nemendur skólans taka þátt í.
- **12. jan. Skipulagsdagur.** Þá eru nemendur í fríi og starfsmenn nýta daginn til undirbúnings, skipulags, funda og fleira.
- **13. jan. Viðtöl á annaskilum.** Á viðtaladegi mæta nemendur ásamt foreldri/um, forráðamanni/mönnum í viðtal til umsjónarkennara. Nemendur hafa þá fengið viðtalstíma og mæta eingöngu í það viðtal þennan dag.

- **15. jan. Skipulagsdagur.** Þá eru nemendur í fríi og starfsmenn nýta daginn til undirbúnings, skipulags, funda og fleira.
- **18. febrúar. Öskudagur.** Nemendur eru í skólanum fram að hádegi og borða hádegismat. Eftir það sér foreldrafélagið um öskudagsgleði fyrir nemendur. Eftir hádegi eru nemendur í fríi og starfsmenn nýta daginn til undirbúnings, skipulags, funda og fleira.
- **19. - 20. febrúar. Vetrarfrí** eru tvisvar á skólaárinu, í nóvember og febrúar. Þá eru nemendur og starfsfólk grunnskólans í fríi.
- **12. mars. Vorgleði Þingeyjarskóla.** Nemendur miðstigs og nemendur 1. og 2. bekkjar sjá um skemmtiatriði á vorgleði. Allir nemendur skólans mæta á vorgleði. Skemmtunin er haldin í Ýdölum og hefst kl. 19:30.
- **13. mars. Skipulagsdagur.** Þá eru nemendur í fríi og starfsmenn nýta daginn til undirbúnings, skipulags, funda og fleira.
- **17. mars. Skíðaferð, tvöfaldur dagur.** Allir nemendur skólans verja einum degi í Hlíðarfjalli og renna sér saman. Ekki er víst að dagsetning skíðaferðalags standist heldur er reynt að velja dag þar sem færi og veður er sem best.
- **4. maí. Skipulagsdagur.** Þá eru nemendur í fríi og starfsmenn nýta daginn til undirbúnings, skipulags, funda og fleira.
- **20. maí. Þingeyjarleikar.** Skólar Þingeyjarsveitar koma saman við leik og störf á Stórutjörnum.
- **28. - 29. maí. Vorþemadagar.** Lögð er áhersla á útivist og hreyfingu og ákveðin viðfangsefni tekin fyrir hverju sinni. Oft er farið í sveitaferð, hjólaferðir og leiki.
- **1. júní. Skólaslit.** Þingeyjarskóla er slitið í Ýdölum. Þar fer einnig fram útskrift nemenda 10. bekkjar og nemenda af leikskólastigi.
- **2. - 4. júní. Skipulagsdagur.** Þessa daga eru starfsmannafundir, námskeið, skipulagsfundir, frágangur og fleira.

Helstu viðburðir skólaársins

Haustþema

Þingeyjarskóli byrjar hvert skólaár á haustþema. Þar er lögð áhersla á hópefli, náttúrufræði og grenndarkennslu. Hvert haust er tekið fyrir eitt af eftirfarandi viðfangsefnum: Líf í vatni, líf í sjó og líf á landi. Vinna þá allir nemendur skólans að sama viðfangsefninu í hvert sinn en efnistöð og umfjöllun dýpkuð við hæfi og eftir aldri nemenda. Allir nemendur fara í haustferð, yngsta stig og miðstig fara í dagsferðir en unglingastig fer í gistiferð. Haustið 2025 er viðfangsefnið *Líf á landi*.

Haustgleði

Haustgleði Þingeyjarskóla er haldin í nóvember ár hvert. Þá setja nemendur unglingastigs og hluti yngsta stigs upp söngleikrit. Nemendur grunn- og tónlistarskóladeilda sjá alfarið um leik, söng og undirspil með aðstoð kennara sinna. Undirbúningur hefst yfirleitt um þremur vikum fyrir haustgleði. Þá fá nemendur handrit í hendur og byrja að æfa sinn texta eða sínar nótur. Síðasta vikan fyrir haustgleði fer öll í æfingar sem fara fram í Ýdölum. Haustgleðin er nemendadagur og því mæta allir nemendur skólans. Sýningin er sýnd að kvöldi í Ýdölum og eru allir aðstandendur og velunnarar velkomnir.

Jólafondurdagur

Í byrjun aðventu undirbýr starfsfólk skólans fondurdag. Þá gefst foreldrum/aðstandendum tækifæri að koma í skólann og fönndra með börnum sínum milli kl. 09 og 12. Nemendur fara heim strax að loknum hádegisverði.

Jólaþema

Síðustu dagana fyrir jól er hefðbundið skólastarf brotið upp og við tekur jólaþema. Nemendum er skipt upp í blandaða aldurshópa sem vinna ýmis verkefni tengd jólunum. Sem dæmi má nefna laufabrauðsgerð, jólaratleik, jólatarzan, brjóstsykursgerð, fönndur og margt fleira.

Litlu jól

Síðasti dagur skólaársins fyrir jól er haldinn hátíðlegur. Nemendur mæta þrúðbúnir í skólann og byrja morguninn á umsjónartíma. Síðan kemur uppbot þar sem allir taka þátt. Hátíðarmatur er fyrir alla nemendur og starfsfólk skólans í matsalnum.

Danskennsla

Dansskóli Jóns Péturs sér um danskennslu í Þingeyjarskóla. Allir nemendur fá viku kennslu í fjölbreyttum dönsum. Í lok vikunnar er foreldrum og öðrum aðstandendum boðið að koma og sjá afrakstur danskennslunnar.

Öskudagur

Nemendur skólans eru hvattir til að mæta í búningi og er kennt skv. stundaskrá fram að hádegi. Foreldrafélagið sér um öskudagsskemmtun og skipulag eftir hádegi.

Vorgleði

Vorgleði Þingeyjarskóla er haldin í mars ár hvert. Þá sjá nemendur miðstigs og 1. og 2. bekkja um skemmtiatriði. Nemendur grunn- og tónlistarskóladeilda sjá alfarið um leik, söng og undirspil með aðstoð kennara sinna. Undirbúningur hefst yfirleitt um þremur vikum fyrir vorgleði. Þá fá nemendur handrit í hendur og byrja að æfa sinn texta eða sínar nótur. Síðasta vikan fyrir vorgleði fer öll í æfingar sem fara fram í Ýdölum. Vorgleðin er nemendadagur og því mæta allir nemendur skólans. Sýningin er sýnd að kvöldi og eru allir aðstandendur og velunnarar velkomnir.

Skíðaferð

Þingeyjarskóli býður nemendum sínum í skíðaferð einu sinni á ári. Skólinn sér um akstur, aðgangskort í fjallið og nesti. Nemendur þurfa sjálfir að koma með skíðabúnað eða leigja sér hann. Foreldrar/forráðamenn eru velkomnir með í þessa skemmtilegu ferð.

Vorþema

Hefðbundnum kennsludögum er ýtt til hliðar síðustu daga skólaársins og við taka skóladagar sem einkennast af útivist, leikjum, náttúruskoðunum, sveitaheimsóknunum, starfskynningum og mörgu fleiru.

Samstund - STÁSS tími

Reglulega yfir veturinn er frátekin tími sem notaður er sem samverustund þar sem allir nemendur skólans koma saman. Tímann má m.a. nota til að vera með söngstund eða aðrar uppákomur eins og að kynna áhugaverð verkefni eða ganga Kíló - míluna.

Kíló-mílan

Kíló-mílan er hreyfistund fyrir nemendur og starfsfólk Þingeyjarskóla og er hugmyndin sprottin út frá verkefni sem kallast „The Daily Mile“. Markmiðið er að nemendur og starfsfólk skólans fari reglulega, helst daglega, út og hlaupi eða gangi í 10-15 mínútur í þeim tilgangi að draga úr kyrrsetu og efla m.a. einbeitingu, góð samskipti, auka sjálfstraust, minnka streitu og kvíða og stuðla þannig almennt að betri líðan. Ákveðið var að mæla eins kílómetra og einnar mílu langa leið innan skólalóðarinnar og gefa nemendum og starfsfólki val um vegalengd. Kíló-mílan er ekki keppni, bara félagsskapur og gleði, allir fara á sínum forsendum.

Skólaferðir nemenda 9. - 10. bekkja

Farið er árlega með 9. og 10 bekk í lengri í skólaferðir. Farið er annað hvert ár í skólaferðalag innanlands og hitt árið erlendis í samstarfsverkefni með marimbatónlist.

Nám og kennsla

Í Þingeyjarskóla er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti þar sem lykilhæfniviðið Aðalnámskrár eru höfð að leiðarljósi. Leitast er við að tengja námið reynsluheimi nemenda og miða það að þörfum hvers einstaklings eins og unnt er. Lögð er áhersla á að nemendur temji sér sjálfstæð vinnubrögð og ábyrgð á eigin námi. Áhersla er lögð á að nemendur nýti sér tölvur og snjalltæki í námi sínu. Með því hafa þeir fleiri bjargir í höndunum sem auðveldar þeim að finna leiðir við sitt hæfi og hægt er að leiðbeina þeim að sjálfstæðari vinnubrögðum.

Á hverju ári eru gerðar stigsnámskrár þar sem fram koma markmið, kennsluhættir og námsmat í hverri grein. Stigsnámskrár eru birtar á heimasíðu skólans.

<https://www.thingeyjarskoli.is/is/nemendur/stigsnamskrar>

Skipulag kennslu

Kennsla fer fram á þremur stigum, unglingastigi (8.-10. bekkur), miðstigi (5.-7. bekkur) og yngsta stigi (1.-4. bekkur). Einn umsjónakennari er á hverju stigi. Á stigunum fer kennslan fram þvert á aldur, aldursskipt og í minni hópum.

Námsmat

Námsmat er framkvæmt með símati og skráð með reglubundnum hætti jafnt og þétt yfir skólaárið. Þær upplýsingar eru síðan færðar í vitnisburðarskjal í lok hvorrar annar. Í október og janúar eru viðtaladagar. Þá fer fram samtal milli kennara, nemenda og foreldra um líðan, framvindu náms og lykilhæfni (sjá nánar í námsmatskafla skólanámskrár).

Tækni

Þingeyjarskóli leggur mikla áherslu á að nýta tækni í námi og hefur skólinn á að skipa góðum tækjakosti. Allir nemendur skólans fá sína eigin spjaldtölvu (Ipad) til afnota í skólanum. Í 7. - 10. bekk er gerður samningur milli skóla og heimilis um notkun ipadsins þar sem þeim nemendum er heimilt að fara heim með tækið. Til eru nokkrar chromebook vélar sem nýtast fyrir alla nemendur skólans. Allir kennarar skólans eru með fartölvu og spjaldtölvu til umráða. Það er ljósleiðari í skólanum og þráðlaust net.

Valgreinar

Valið er liður í því að auka og viðhalda áhuga nemenda á náminu og koma í veg fyrir að þeir þrói með sér skólaleiða. Ein forsenda góðrar líðan og velgengni í skóla er að nemendur fái notið hæfileika sinna. Öflug leið til að vinna með og rækta hæfileika nemenda á jákvæðan hátt felst í því að vinna með þá þætti þar sem styrkleiki þeirra og áhugi liggja.

Markmiðið með valinu er að auka fjölbreytni viðfangsefna í skólanum og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið. Markmiðin falla vel að áherslum Aðalnámskrár grunnskóla (2011: 50) en þar segir m.a. „Einnig eiga nemendur að geta valið um viðfangsefni sem einkum miða að því að víkka sjóndeildarhring þeirra, stuðla að aukinni lífsfyllingu eða dýpka þekkingu, leikni og hæfni sína á tilteknum sviðum í samræmi við áhuga þeirra“.

Í viðmiðunarstundarskrá Aðalnámskrár grunnskóla er gert ráð fyrir 870 mínútum á viku í val hjá nemendum í 8.-10. bekk, 160 mínútum hjá nemendum í 5.-7. bekk og 300 mínútum hjá nemendum í 1.-4. bekk. Valgreinarnar tóna því vel við áherslur Aðalnámskrár.

Nemendum unglingastigs gefst kostur á eftirfarandi valgreinum: Skúlpúrgerð, boltaval/styrkur og þol, íþróttir í samstarfi við Framhaldsskólann á Laugum, leikskólaval, bakstur og listasmiðja..

Þingeyjarskóli er í samstarfi við Framhaldsskólann á Laugum. Nemendum unglingastigs stendur til boða íþróttaval undir stjórn íþróttakennara framhaldsskólans. Einnig eiga nemendur sem lokið hafa markmiðum grunnskóla kost á því að taka framhaldsskólaáfanga í fjarnámi.

Íþrótt- og sundkennsla á mið- og unglingastigi fer fram á Laugum einu sinni í viku. Þess utan eru kenndar íþróttir í Ýdölum.

Grunnþættir menntunar

Grunnþættir í menntun og áherslupættir í Aðalnámskrá grunnskóla byggja á sex grunnþáttum menntunar en þeir eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þeir eru einstaklingsmiðaðir en jafnframt samfélagsmiðaðir, byggja bæði á andlegum og líkamlegum þörfum nemenda og leggja auk þess áherslu á hæfni til samvinnu. Grunnþættirnir eru leiðarljós í starfi skólans og endurspeglast í starfsháttum og skólabrag.

Læsi

Læsi í viðtækum skilningi á að vera stór þáttur í öllu námi nemenda. Allir kennarar í skólanum eiga að efla læsi og veita þjálfun í tjáningu.

Í Þingeyjarskóla er lögð áhersla á að:

- Skólinn marki sér læsisstefnu með skýrum markmiðum og skilgreindum matstækjum. Læsisstefna er í vinnslu.
- Nemendur nái góðu valdi á lestri og ritun texta.
- Nemendur skilji myndmál og geti nýtt sér það við almenna upplýsingaöflun.
- Nemendur séu talnalæsir og geti lesið úr töflum og tölum við ýmsar aðstæður.
- Vinna markvisst með samskipta-, upplýsinga-, vísinda- og tilfinningalæsi.

Sjálfbærni

Lögð er áhersla á að nemendur öðlist skilning á mikilvægi sjálfbærni, bæði með fræðslu en ekki síður með virkri þátttöku í verkefnum sem auka skilning og móta jákvæð viðhorf til umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar.

Í Þingeyjarskóla er lögð áhersla á að:

- Nýta náttúru og umhverfi í kennslu, m.a. í haust- og vorþemavinnu.
- Flokka endurvinnanlegt rusl og nýta matarleifar.
- Kynna mikilvægi sjálfbærni í kennslu.
- Nýta tré/runna í smíðakennslu.
- Efla útikennslu og grenndarkennslu.

Heilbrigði og velferð

Heilsa er skilgreind sem líkamleg, andleg og félagsleg velferð. Góð heilsa er undirstaða velfarnaðar í námi og starfi í virkri þátttöku í samfélaginu. Í skólanum er lögð áhersla á að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum.

Í Þingeyjarskóla leggjum við áherslu á að:

- Í skólanum sé virk viðbragðsáætlun gegn einelti og forvarnaáætlun.
- Í skólanum sé boðið upp á fjölbreytta, holla og næringarríka fæðu.
- Hvetja til hreyfingar og útivistar.
- Auka meðvitund nemenda um mikilvægi hreinlætis og snyrtimennsku.
- Hver einstaklingur fái að njóta sín og nýta styrkleika sína.
- Efla færni í samskiptum, uppbyggingu sjálfsmyndar, ákvarðanatöku, markmiðasetningu og streitustjórnun.
- Fræða nemendur um þau áhrif sem menning, fjölmiðlar og tækni geta haft á heilsu og líðan og styðja þá svo þeir geti tekið upplýstar og ábyrgar ákvarðanir í tengslum við eigið heilbrigði.

Lýðræði og mannréttindi

Lýðræðismenntun snýst um að að virkja nemendur.

Í Þingeyjarskóla leggjum við áherslu á:

- Að einstaklingurinn finni að hann er gerandi í eigin lífi, hann geti haft skoðanir og að á hann sé hlustað.
- Samræður sem einkennast af kurteisi og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Samvinnu í ólíkum hópum.
- Að fræða nemendur um mannréttindi og jafnrétti
- Að hvergi ríki mismunun í skólastarfinu.
- Að taka tillit til viðhorfa, gildismats og siðferðis.
- Gagnrýna hugsun og ígrundun um gildi samfélagsins.

Sköpun

Sköpun byggist á gagnrýnni hugsun og aðferðum sem opna nýja möguleika. Sköpun snýst ekki eingöngu um nýtt og frumlegt heldur og hagnýtingu þess sem fyrir er.

Í Þingeyjarskóla leggjum við áherslu á:

- Ígrundun, persónulegt nám og frumkvæði.
- Fjölbreyttar lausnir viðfangsefna.
- Tengingu við skapandi greinar, s.s. tónmennt, leiklist, myndlist og dans.

Jafnrétti

Allt skólastarfið skal vera í anda jafnréttis og á það að vera samofið leik og starfi nemenda. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum samfélagsins og kennir nemendum að greina aðstæður sem leiða til mismununar.

Í Þingeyjarskóla leggjum við áherslu á að:

- Í skólanum sé virk jafnréttisáætlun.
- Búa alla undir jafna þátttöku í samfélaginu.

- Fræða nemendur um jafnan rétt allra m.t.t. kyns, fötlunar, kynhneigðar, þjóðernis og trúarbragða.
- Skólastarfið sé án aðgreiningar.
- Fræða um ýmsa þætti jafnréttis og hvernig þeir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks.
- Notað fjölbreytt viðfangsefni og kennsluaðferðir til að koma til móts við ólíkar þarfir einstaklinga.
- Vinna markvisst með samskipti.

Skólareglur Þingeyjarskóla

Skólareglur þessar gilda í **öllu** skólastarfi, svo sem í skólanum, á skólalóð, í skólabíl og ferðum á vegum skólans.

- Við sýnum hvert öðru virðingu og tillitssemi....því þá liður okkur betur...
- Við förum eftir fyrirmælum starfsfólks....því þau vilja okkur vel...
- Við mætum á réttum tíma og með viðeigandi gögn....því þá gengur okkur betur...
- Við förum vel með eigur okkar, annarra og skólans....því þá græða allir...
- Við yfirgefum ekki skólalóðina nema með leyfi starfsmanns....því þannig erum við öruggari...
- Við notum síma og önnur rafeindatæki eingöngu með leyfi starfsmanns....því þá lærum við fjölbreyttari hátt...
- Við notum ekki tóbak eða önnur vímuefni....því það skaðar heilsuna okkar...

Nefndir og ráð

Eftirfarandi nefndir, ráð og stjórnir eru starfandi við skólann:

Skólaráð

Skólastjóri stýrir fundum skólaráðs.

F.h. nemenda: Ívar Örn Ketilsson 10. Bekk og Hafdís Tinna Pétursdóttir 9. bekk

F.h. kennara: Sunna Sæmundsdóttir og Örn Björnsson

F.h. foreldra:

F.h. annarra starfsmanna skólans: Þórdís Jónsdóttir

F.h. grenndarsamfélags: Skólaráð velur þennan fulltrúa á fyrsta fundi.

Nemendaráð Þingeyjarskóla

Nemendaráð er í senn tómtunda- og hagsmunaráð nemenda. Nemendaráð er skipað sex fulltrúum úr 7.-10. bekk sem nemendur kjósa með leynilegri kosningu, einn fulltrúa fyrir hvern bekk og þrjá fulltrúa sem kosnir eru af öllum nemendum 7.-10. bekkjar. Þetta fyrirkomulag er hluti af lýðræðiskennslu nemenda. Nemendaráð ber ábyrgð á viðburðum og sjoppu félagsmiðstöðvarinnar í samstarfi við starfsfólk. Starfsmaður nemendaráðs kemur úr röðum starfsfólks skólans.

Í nemendaráði skólans sitja:

Guðbjörg Lilja Guðmundsdóttir 10. bekk

Þór Sæmundsson 10. bekk

Berglind Elly Pétursdóttir 9. bekk

Vilborg Hallan Jóhannsdóttir 9. bekk

Þórdís Úa Hönnu Haraldsdóttir 8. bekk

Emma Katrín Hrannarsdóttir 7. bekk

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð er starfandi við skólann og í því eiga sæti: Skólastjóri, sérkennari skólans, skólahjúkrunarfræðingur og skólasálfræðingur.

Jóhann Rúnar Pálsson skólastjóri

Helga Sigurbjörg Gunnarsdóttir tengiliður farsældar

Ingibjörg Lukka Stefánsdóttir skólahjúkrunarfræðingur

Hjördís Ólafsdóttir skólasálfræðingur starfsmaður skólaþjónustu Þingeyjarsveitar

Fundaskipulag og faglegar nefndir skólans

Að lokinni kennslu á þriðjudögum og miðvikudögum eru fundir og sameiginleg vinna starfsfólks skólans.

Við skólann starfa eftirfarandi nefndir:

Innra mats nefnd: Harpa Þorbjörg Hólmgrímsdóttir, Jóhann Rúnar Pálsson og Katla Valdís Ólafsdóttir

Jákvæðs aga nefnd: Dagný Auðunsdóttir, Katla Valdís Ólafsdóttir/Kristjana Eysteinsdóttir og Hanna Skúladóttir

Læsisnefnd: Hulda Svanbergisdóttir og Kristjana Eysteinsdóttir

Námsmatsnefnd: Hanna Skúladóttir, Harpa Þorbjörg Hólmgrímsdóttir, Sunna Sæmundsdóttir og verkgreinakennari

Skólanámskrárnefnd: Hanna Skúladóttir, Harpa Þorbjörg Hólmgrímsdóttir og Heiða Guðmundsdóttir

Snjalltækjanefnd: Borgar Þórarinsson, Berglind Gunnarsdóttir, Hafdís Hjaltalín Hafliðadóttir og Sunna Sæmundsdóttir

Foreldrasamstarf

Foreldraviðtöl

Viðtaladagar eru tvisvar á skólaárinu, í október og janúar. Þá mæta foreldrar/forráðamenn með börnum sínum í viðtal til umsjónarkennara þar sem m.a. er farið er yfir líðan, gengi í námi og markmið. Þegar viðtöl nálgast eru umræðupunktur sendir heim til foreldra og óskað eftir því að foreldri og barn ræði saman út frá heimsendum punktum og komi þannig undirbúnir í viðtalið.

Samskipti skóla og foreldra

Jákvæð samskipti einkennast af trausti og virðingu. Starfsfólk skólans leitast við, í samstarfi við heimilin, að tryggja hagsmuni einstakra nemenda, nemendahópa og skólasamfélagsins.

Foreldrafélag

Samkvæmt 9. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 skal starfa foreldrafélag við grunnskóla. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl

heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Markmið félagsins er að vera samstarfsvettvangur foreldra og starfsfólks í skólanum auk þess að styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði. Félaginu er ætlað að koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál ásamt því að standa vörð um réttindi nemendanna til aukins þroska og menntunar.

Stjórn foreldrafélags Þingeyjarskóla

Stjórn foreldrafélagsins verður kosin á aðalfundi í september.

Lög foreldrafélags Þingeyjarskóla

<https://www.thingeyjarskoli.is/is/skolinn/foreldrafelag-grunnskoladeildar-thingeyjarskola>

Stoðþjónusta

Skipulag stoðþjónustu

Þurfi nemandi að mati umsjónarkennara, á sérstakri aðstoð að halda vegna fötlunar, sjúkdóms eða námslegra, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika, skal umsjónakennari vísa málinu skriflega til stoðteymis. Stoðteymið tekur málefnið til umfjöllunar og meðferðar en vísar málinu áfram til nemendaverndarráðs ef þurfa þykir. Foreldrar, nemendur og starfsfólk geta vísað málum til nemendaverndarráðs.

Nemendaverndarráð

Skólastjóri, tengiliður farsældar barna, skólahjúkrunarfræðingur og fulltrúi skólaþjónustu eiga sæti í nemendaverndarráði.

Nemendaverndarráð fjallar um úrræði í málum nemenda sem til þess er vísað.

Fundir eru bókaðir og farið með allar upplýsingar samkvæmt reglum um meðferð trúnaðargagna.

Stoðteymi

Við skólann starfar stoðteymi sem heldur utan um málefni nemenda sem þurfa á stoðþjónustu að halda. Í teyminu eru sérkennarar, tengiliður skólans og læsisfræðingur. Stoðteymið fundar vikulega.

Hlutverk stoðteymis er þríþætt:

1. Að sinna og skipuleggja sérkennslu fyrir nemendur sem eiga í námserfiðleikum og/eða hreyfifærni-, hegðunar- eða félagsferfiðleikum. Nemendur fá ýmist kennslu tímabundið eða allt skólaárið. Sérstök áhersla er lögð á sérkennslu í lestri, íslensku og stærðfræði. Auk þess er farið í félagsfærni, hreyfipjálfun og hegðunarmótun.
2. Að halda utan um skimanir og greiningar sem gerðar eru í skólanum.
3. Að vera ráðgefandi. Kennarar geta leitað eftir aðstoð eða samvinnu aðila stoðteymis ef aðlaga þarf námsefni að einstaklingi eða hóp og við gerð einstaklingsnámskráa.

Læsisfræðingur

Læsisfræðingur er sérfræðingur á sviði náms og kennslu í læsi. Hann vinnur náið með sérkennara við greiningu lestrarvanda hjá nemendum og veitir kennurum og foreldrum ráðgjöf og stuðning er varðar læsi. Hann sér til þess að læsissskimanir séu lagðar fyrir nemendur og vinnur úr þeim niðurstöðum með sérkennara. Einnig vinnur hann að skipulagi með bókasafnsverði að læsistengdum verkefnum og upptækum á bókasafni. Læsisfræðingur stýrir vinnu við mótun læsisstefnu fyrir Þingeyjarskóla. Læsisfræðingur skólans er Hulda Svanbergsdóttir.

Sérkennarar

Sérkennarar hafa umsjón með sértækri námsaðlögun og koma að kennslu nemenda sem glíma við námserfiðleika. Þeir aðstoða kennara við gerð einstaklingsnámskráa eftir þörfum þar sem sett eru fram þau markmið sem unnið er að á tilteknu tímabili. Einstaklingsnámskrár eru undirritaðar af foreldrum/forráðamönnum, kennurum og sérkennurum. Sérkennarar skólans eru Helga Sigurbjörg Gunnarsdóttir, Helga Björg Pálmadóttir og Hulda Svanbergsdóttir.

Tengiliður

Tengiliður skipuleggur og heldur utan um fyrsta stigs úrræði sveitarfélagsins og er tenging skólans við skóla- og félagsþjónustu auk barnaverndar. Tengiliðurinn metur þörf á samþættri þjónustu í þágu barns, sér um framkvæmd frummats, veitir foreldrum/forsjáraðilum upplýsingar um þjónustu og styður við samþættingu þjónustu allra þjónustuveitenda. Tengiliður heldur utan um þjónustuteymi unglingastigs og situr eftir þörfum fundi í þjónustuteyminum mið- og yngsta stigs. Tengiliður skólans er Helga Sigurbjörg Gunnarsdóttir.

Samstarfsaðilar

Þingeyjarskóli vinnur náið með skólaþjónustu Þingeyjarsveitar í málefnum er snúa að námi og velferð nemenda. Markmið skólaþjónustu er að veita starfsfólki skóla ráðgjöf og stuðning í málefnum er snúa að kennslu og námi nemenda, sinna forvarnastarfi í þágu farsældar barna og stefnumótun á sviði skólaþjónustunnar. Í skólaþjónustunni er starfandi skólasálfræðingur sem nemendur og starfsfólk skólans hafa aðgang að. Skólasálfræðingur sinnir forgreiningum sálfræðilegra frávika, ráðgjöf og meðferð á einföldum sálfræðilegum vanda.

Einnig er skólinn í samstarfi við félagsþjónustu Norðurbings. Markmið samstarfsins er að tryggja markvissan og snemmtækan stuðning við fjölskyldur þegar þess gerist þörf, en einnig að koma í veg fyrir að mál barna og ungmenna þróist þannig að erfitt og illmögulegt sé að takast á við vandann. Tengiliður skólans og starfsfólk félagsþjónustu funda reglulega. Foreldrum og starfsfólki skólans stendur til boða að leita til fagaðila félagsþjónustu.

Ákvörðun um sérúrræði

Á hverju vori skila umsjónarkennarar inn umsóknnum um áætlaða sérkennsluþörf fyrir nemendur sem þurfa sérkennslu. Þar kemur fram stutt lýsing á vanda nemenda og æskilegt form á stuðningi/sérkennslu. Einnig er gert lauslegt mat á æskilegum tímafjölda nemandans.

Þegar umsóknir hafa borist metur sérkennari þær og að hausti er reynt að koma til móts við þær eins og hægt er með kennslu og ráðgjöf til kennara.

Ef foreldrar hafa áhyggjur af námslegri framvindu barna sinna geta þeir snúið sér til umsjónarkennara barnsins eða sérkennara. Engu barni er vísað til greiningar nema með samþykki

foreldra eða forráðamanna. Umsjónarkennarar leita til sérkennarans ef þeir telja að nemandi þurfi á stuðnings- eða sérkennslu að halda.

Skimanir og greiningar

Eftirtaldar einstaklings- og hópaskimanir eru gerðar á skólaárinu:

Mánuður	Bekkur	Lagt fyrir:
September	1. – 10.	Lesfimi (orð/mín) Raddlestur.
	3.- 10.	Matsrammi fyrir lesfimi. Mat í skóla.
	1.	MRP - stærðfræði skimun
	9.	GPR 14H. Hóppróf.
Október	1.	Lesskimun fyrir 1. bekk. Hóppróf.
	6.	Talnalykill. Skimun ef þörf er á.
Nóvember	3. – 8.	Orðarún. Hóppróf. Mat á lesskilningi
	6.	LOGOS skimun.
	3.	Talnalykill. Skimun ef þörf er á.
Desember		
Janúar	1. – 10.	Lesfimi (orð/mín) Raddlestur.
	3.– 10.	Matsrammi fyrir lesfimi. Mat í skóla.
	3.	LOGOS skimun.
Febrúar	1.	Stafakönnun eftir að stafainnlögn lýkur.
Mars		
Apríl	3. -8.	Orðarún. Hóppróf. Mat á lesskilningi
	2.	Lesmál. Mat á lestri og réttitun.
Maí	1. – 10.	Lesfimi (orð/mín) Raddlestur.
	3.- 10.	Matsrammi fyrir lesfimi. Mat í skóla.

Helstu einstaklingsgreiningar sem gerðar eru:

- LOGOS - dyslexíu lesgreining
- HLJÓÐFÆRNI - greiningarpróf fyrir börn í 1. bekk sem teljast í áhættuhópi vegna lestrarörðugleika
- WISC - Námsgetumat, lagt fyrir af sálfræðingi
- TOLD-2P/2I - Málproskapróf – lagt fyrir af talmeinafræðingi
- Málhljóðapróf PM - lagt fyrir af talmeinafræðingi

Stuðningsfulltrúar

Stuðningsfulltrúar eru kennurum til stuðnings við að sinna einum eða fleiri nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð. Starfið miðar fyrst og fremst að því að auka færni og sjálfstæði þessara nemenda, félagslega, námslega og í daglegum athöfnum.

Námsver

Námsver Þingeyjarskóla starfar samkvæmt lögum um grunnskóla nr.91/2008 og reglugerð nemenda með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010. Tvö rými í skólanum eru notuð sem námsver. Í öðru námsverinu er hægt að hafa 4-5 nemendur í einu við vinnu. Þar eru einnig ýmis gögn sérkennara. Hitt námsverið er minna en þar er hægt að hafa 3-4 nemendur í einu. Í námsveri fá nemendur, með margs konar sérþarfir, kennslu í einni eða fleiri námsgreinum.

Trúnaðargögn

Greiningar og skýrslur eru geymdar í einu eintaki í læstri geymslu hjá skólastjóra. Ekki er heimilt að ljósrita gögnin eða gera aðgengileg til lestrar nema fyrir milligöngu sérkennara/skólastjóra. Foreldrar geta alltaf haft samband við skólastjóra til að fá aðgang að þeim gögnum sem til eru um barn þeirra. Starfsmenn gæta sérstakrar aðgæslu í vinnu með viðkvæm gögn, s.s. prófurlausnir, yfirlit um einkunnir og annað slíkt. Slík gögn mega aldrei liggja á glámbekk.

Skólahjúkrun

Heilsuvernd skólabarna í Þingeyjarskóla er á vegum HSN Húsavík. Skólahjúkrunarfræðingur er Ingibjörg Lukka Stefánsdóttir og kemur að jafnaði einu sinni í viku í skólann. Netfang skólahjúkrunarfræðings er: ingibjorg.stefansdottir@hsn.is og sími 864-4121.

Heilsuvernd skólabarna er hluti af heilsugæslunni og framhald af ung- og smábarnavernd. Markmiðið er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsfólk heilsuverndar skólabarna vinnur í náinni samvinnu við foreldra, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð þeirra að leiðarljósi. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Þjónusta heilsuverndar skólabarna er skráð í rafræna sjúkraskrá heilsugæslunnar.

Helstu áherslur í heilsuvernd skólabarna eru forvarnir, fræðsla, skimanir og bólusetningar. Unnið er samkvæmt leiðbeiningum Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu og Embættis landlæknis um heilsuvernd grunnskólabarna.

Heilbrigðisfræðsla

Skipulögð heilbrigðisfræðsla er veitt í öllum árgöngum og er áherslan á að hvetja til heilbrigðra lífshátta. Eftir fræðslu fá foreldrar upplýsingar í tölvupósti um fræðsluna. Þá gefst þeim kostur á að ræða við börnin um það sem þau lærðu og hvernig hægt er að nýta það í daglegu lífi.

1. bekkur – „Líkaminn minn” - Forvörn gegn kynferðislegu ofbeldi og hjálmanotkun
2. bekkur – Tilfinningar
3. bekkur – Verkefnabók um 6H heilsunnar (hamingja, hollusta, hreinlæti, hreyfing, hvíld)
4. bekkur – Kvíði og slysavarnir
5. bekkur – Samskipti
6. bekkur – Kynþroski og endurlífgun
7. bekkur – Bólusetningar
8. bekkur – Sjálfsmynd - samskipti, hugrekki og endurlífgun
9. bekkur – Kynheilbrigði og bólusetning
10. bekkur – Geðheilbrigði, endurlífgun og ábyrgð á eigin heilsu.

Markmið hvernar fræðslu eftir árgöngum er hægt að sjá á Heilsuvera.is

Skimanir

Skimað er fyrir ákveðnum heilbrigðisvandamálum og eru skimanir framkvæmdar í 1., 4., 7. og 9. bekk. Þær felast í mælingu á hæð, þyngd og sjónskerpu. Nemendur í öðrum árgöngum eru skimaðir eftir þörfum. Ef frávik reynist í skimun er haft samband við forráðamann.

Heilsueflandi viðtöl um lífsvenjur og líðan

Þegar skimanir fara fram í 1., 4., 7. og 9. bekk ræðir skólahjúkrunarfræðingur við nemendur um líðan og lífsvenjur. Markmið viðtalanna er að styrkja vitund nemenda um eigið heilbrigði og líðan. Einnig að geta gripið til úrræða ef vart verður við vanlíðan eða áhyggjur.

Bólusetningar

Bólusetningum er ætlað að verja einstaklinginn gegn alvarlegum smitsjúkdómum. Í 7. bekk er bólusett við mislingum, hettusótt og rauðum hundum (ein sprauta), auk þess eru stúlkur bólusettar gegn HPV (Human papilloma veirum) sem geta valdið leghálskrabbameini. HPV bólusetning er gefin tvisvar með 6 mánaða millibili. Í 9. bekk er bólusett við barnaveiki, stífkrampa, kíghósta og mænusótt (ein sprauta). Áður en kemur að bólusetningu er sendur tölvupóstur til foreldra með upplýsingum um tímasetningu.

Gott er að nemendur komi með bólusetningarskírteini sín í skólann þegar bólusetning fer fram. Hafið samband við skólahjúkrunarfræðing ef:

- Nánari upplýsinga er óskað
- Talið er að barn sé ekki að fullu bólusett
- Óskað er eftir því að barn sé ekki bólusett

Það er á ábyrgð foreldra að láta bólusetja börn sín.

Hagnýtar upplýsingar

Veikindi og slys

Ef óhapp eða slys verður á skólatíma sér starfsfólk skólans um fyrstu hjálp. Þurfi nemandi að fara á heilsugæsluna eða slysadeild skulu foreldrar fara með barninu. Því er mikilvægt að skólinn hafi öll símanúmer þar sem hægt er að ná í þá á skólatíma barnsins. Ekki er ætlast til að óhöppum sem gerast utan skólatíma sé sinnt af heilsuvernd skólabarna.

Langveik börn

Mikilvægt er að skólahjúkrunarfræðingur viti af börnum sem eru með fötlun eða langvinnan og/eða alvarlegan sjúkdóm, s.s. sykursýki, ofnæmi, flogaveiki, blæðingarsjúkdóma eða aðra

alvarlega sjúkdóma. Hlutverk skólahjúkrunarfræðingsins er að skapa þessum börnum viðeigandi aðstæður og umönnun í skólanum í samvinnu við foreldra og starfsfólk skólans.

Lyfjagjafir

Samkvæmt tilmælum landlæknis um lyfjagjafir í grunnskólum eru sérstakar vinnureglur varðandi lyfjagjafir til nemenda á skólatíma.

Höfuðlús

Höfuðlús birtist reglulega í skólum landsins og er mikilvægt að foreldrar kembi hár barna sinna reglulega yfir skólaárið. Rétt er að láta skólann vita ef lús finnst í hári barns og skólahjúkrunarfræðingur getur leiðbeint varðandi lúsasmit.

Félagslíf nemenda

Nemendaráð skipuleggur í samráði við félagsmálafulltrúa starf félagsmiðstöðvarinnar sem staðsett er í félagsaðstöðunni “Skjálfanda” í kjallara félagsheimilisins Ýdölum. Metnaður er lagður í faglega og skemmtilega dagskrá sem byggir á fjölbreyttum áhuga og hæfileikum nemenda. Nemendaráð er skipað fulltrúum nemenda úr 7.-10. bekk. Einu sinni í mánuði býður félagsmiðstöðin upp á starf fyrir 4.-6. bekk sem skipulagt er af félagsmálafulltrúa í samráði við nemendur. Aðstaðan býður upp á fjölbreytta viðburði en mögulegt er að fá að nýta annað húsnæði á svæðinu, svo sem skóla og íþróttaaðstöðu. Reglulegt hópastarf og námskeið eru í boði þar sem sérstök áhersla er á áhugasvið þeirra sem ekki finna sig í öðru reglubundnu íþrótt- og tómstundastarfi á svæðinu. Fagleg ábyrgð á frístundastarfi félagsmiðstöðvar er hjá félagsmálafulltrúa auk tómstundaleiðbeinenda. Félagsmiðstöðin sækist eftir því að taka þátt í samstarfi við aðrar félagsmiðstöðvar, starfi samtaka félagsmiðstöðva á Íslandi (SAMFÉS), vinnur eftir faglegri hugsjón Frítímans og notast við fjölgreindakenningar Gardners. Fulltrúi Þingeyjarsveitar vegna félagsmála er Hjördís Albertsdóttir, verkefnastjóri æskulýðs-, tómstunda- og menningarmála í Þingeyjarsveit.

Móttökuáætlanir

Móttaka nemenda í 1. bekk / samstarf við leikskóladeildir

Við Þingeyjarskóla eru tvær leikskóladeildir, Barnaborg í Aðaldal og Krílabær á Laugum. Gott samstarf er á milli nemenda á yngsta stigi grunnskólans og elsta árgangs leikskóladeilda. Markmið með samstarfinu er að:

- Leikskólabörnin kynnist starfsfólki og starfsháttum grunnskólans.
- Leikskólabörnin kynnist húsakynnum grunnskólans og finnist þau örugg innan veggja skólans.
- Börnin kynnist innbyrðis.
- Börnin kynnist reglum og vinnubrögðum í skólastofu grunnskólans
- Grunnskólabörnin viðhaldi kynnum við leikskólabörnin og námsumhverfi leikskólastigsins.

Að vori fara einnig fram skilafundir milli kennara leik-og grunnskóla.

Móttaka nýrra nemenda

Til að skrá nemanda í skólann þurfa foreldrar/forráðamenn að setja sig í samband við skólastjóra.

Við móttöku nýrra nemenda er lögð áhersla á hlýjar móttökur og skýrar upplýsingar.

Ef tók eru á er nemandi og foreldrar/forráðamenn boðaðir í heimsókn í skólann áður en skólaganga hefst. Skólastjóri og umsjónarkennari taka á móti þeim og afhenda stundaskrá og önnur nauðsynleg gögn og benda á starfsáætlun og aðrar upplýsingar á heimasíðu skólans. Einnig fá þeir kynningu á húsnaði skólans og umhverfi.

Umsjónarkennari undirbýr bekkjarfélagana undir komu nýs nemanda og hugar að félagslegri tengingu nemandans í bekknum/skólanum t.d. með því að fela ákveðnum einstaklingi að vera tengiliður hans inn í hópinn. Umsjónarkennari kynnir sér einnig námsstöðu nemandans.

Ef um sértæka námsörðugleika er að ræða óskar umsjónarkennari eftir viðeigandi gögnum frá foreldrum og skipuleggur kennslu í samráði við sérkennara.

Móttaka nemenda með annað móðurmál en íslensku

Til að skrá nemanda í skólann þurfa foreldrar/forráðamenn að setja sig í samband við skólastjóra.

Við móttöku nýrra nemenda er lögð áhersla á hlýjar móttökur og skýrar upplýsingar.

Sé þörf á túlkapjónustu er henni við komið.

Ef tók eru á er nemandi og foreldrar/forráðamenn boðaðir í heimsókn í skólann áður en skólaganga hefst. Skólastjóri og umsjónarkennari taka á móti þeim og afhenda starfsáætlun, stundaskrá og önnur nauðsynleg gögn. Einnig fá þeir kynningu á húsnæði skólans og umhverfi.

Umsjónarkennari undirbýr bekkjarfélagana undir komu nýs nemanda og hugar að félagslegri tengingu nemandans í bekknum/skólanum t.d. með því að fela ákveðnum einstaklingi að vera tengiliður hans inn í hópinn. Umsjónarkennari kynnir sér einnig námsstöðu nemandans.

Metin er staða nemanda í íslensku og öðrum tungumálum.

Ef um sértæka námsörðugleika er að ræða óskar umsjónarkennari eftir viðeigandi gögnum frá foreldrum og skipuleggur kennslu í samráði við sérkennara.

Móttaka nýrra starfsmanna

Tilgangurinn með áætlun um móttöku nýrra starfsmanna er að kynna fyrir þeim mikilvæg atriði í skólastarfinu og auðvelda þeim að aðlagast nýjum vinnustað.

Skólastjóri:

- Sér um að nýr starfsmaður undirriti ráðningarsamning.
- Fer yfir starfslýsingu og hæfniskröfur starfsins við kennarann/starfsmanninn og ræðir starfshætti í væntanlegu starfi.
- Bendir á starfsáætlun og aðrar upplýsingar á heimasíðu skólans.
- Kynnir húsakynni og umhverfi.
- Veitir nýjum starfsmanni upplýsingar um vinnureglur, vinnufyrirkomulag, vinnutíma og starfsmannafundi.
- Kynnir nýja starfsmenn á fyrsta starfsmannafundi.
- Kynnir nýja starfsmenn fyrir nemendum og foreldrum. Skipar tengilið fyrir starfsmanninn innan skólans.

Tengiliður starfsmanns:

- Fer í gegnum starfsáætlun með starfsmanni.
- Kynnir upplýsingamiðla, heimasíðu og fésbók.
- Fer yfir hagnýt atriði s.s. skipulag matartíma, kaffitíma, fatnað, hefðir og umgengni í skólanum.

Umsjónarmaður snjalltækja og tölvumála:

- Kynnir tölvukerfi skólans, tölvupóst, geymslu gagna o.fl.
- Kynnir vefsíðu skólans og hver setur efni inn á hana.
- Sér um að starfsmaður fái tölvunetfang í gegnum lén skólans.

Umsjónarmaður Mentor:

- Skráir starfsmann inn í kerfið.
- Kynnir Mentorkerfið og notkun þess fyrir starfsmanni.

Trúnaðarmaður:

- Kynnir það stéttarfélag sem við á (KÍ, Framsýn) .
- kynnir réttindi og skyldur starfsmanna skv. kjarasamningi.

Húsvörður:

- Afhendir nýjum starfsmanni lykla og heldur utan um skráningu vegna þessa.

Jákvæður agi

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga allir skólar að fylgja ákveðinni uppeldisstefnu. Þingeyjarskóli starfar eftir uppeldisstefnunni *Jákvæður agi* (Positive discipline). Stefnan byggir á svokölluðum sjálfsstjórnarkenningum, sem fela það í sér að horft er á orsakir hegðunar, fremur en að reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu.

Hugmyndafræðin gengur út á að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisn, vinsemd og festu. Lögð er áhersla á kennslu, skilning, hvatningu, jákvæð samskipti og gott samband milli heimila og skóla. Starfsmenn vinna saman í teymum og hjálpast að við að finna lausnir á vandamálum sem upp koma.

Jákvæður agi gefur börnum jafnframt tækifæri til að efla með sér færni í að finna lausnir og setja sér mörk í samvinnu við fullorðna. Börn verða ábyrgðarfull ef þau fá tækifæri til að þroska félagsfærni sína í gegnum lífsleikni þar sem virðing, góðvild og festa er höfð að leiðarljósi.

Með notkun Jákvæðs aga viljum við styðja nemendur í að tileinka sér ákveðin viðhorf og hæfni, sem kemur til með að styrkja þá sem einstaklinga og auðvelda þeim að takast á við verkefni daglegs lífs.

Mat á skólastarfi

Innra mat

Samkvæmt gildandi grunnskólalögum ber grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram viðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Þar sem skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni var ákveðið að notast við BRAVO lesson sem megin mælitæki. Ásamt þeim notum við uppgjör á ýmsum verkefnum s.s. haustþema, vorþema, jólaþema, haust- og vorhátíðum skólans en sú vinna er unnin á kennarafundum og starfsmannafundum eftir því sem við á.

Ytra mat

Ytra mat á skólanum fór fram veturinn 2018-2019. Niðurstöður þess mats má nálgast á heimasíðu skólans. <https://www.thingeyjarskoli.is/is/skolinn/ytra-mat-skyrsla-mms>

Áætlanir

Símenntunaráætlun

Hverjum skóla er skylt að gera símenntunaráætlun. Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og skólastjóra að bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi. Skólastjóri getur ákveðið að einstakir kennarar eða kennarahópar sækji skilgreinda kennslu.

Skólastjóri metur almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum eða á grundvelli innra mats.

Lögð er áhersla á það að allt starfsfólk skólans eigi kost á endurmenntun sem eflir það í starfi og nýtist starfsemi skólans.

Áhersla er lögð á að starfsmenn geti sótt tilfallandi fræðslufundi og ráðstefnur á skólatíma.

Ætlast er til að starfsmenn sem sækja endurmenntun á vegum skólans segi samstarfsmönnum frá námskeiðinu á sérstökum fundum eða skili skólastjóra skýrslu sem aðrir starfsmenn hafa aðgang að. Þetta er m.a. gert til að miðla fróðleik til skólasamfélagsins og skapa þannig skilyrði til að festa jákvæðar breytingar í sessi.

Skólaárið 2025-2026

- Áframhaldandi vinna með agastefnuna Jákvæður agi (JA).
- Læsi fyrir lífið. Þróunarverkefni í samstarfi við HA.
- Upplýsinga- og tæknimennt. Að nýta tæknina í öllu námi með áherslu á fjölbreytt skil verkefna.
- Efling faglegs samstarfs og teymisvinnu - með skýrri verkaskiptingu, reglulegu samtali og markvissum stuðningi innan og milli skólastiga.
- Stuðningur við nemendur og fjölskyldur - með áherslu á snemmtæka íhlutun, samþætta þjónustu og aðgengi að úrræðum í anda farsældar.
- Fagmennska og símenntun starfsfólks - með því að skapa rými fyrir lærdómssamfélag þar sem starfsfólk deilir reynslu, lærir hvert af öðru og þróar starfshætti.
- Læsi og tækni - við leggjum áframhaldandi áherslu á læsi í viðum skilningi, bæði tungumála- og stafrænt læsi. Í heimi þar sem tæknin þroskast á ógnarhraða - ekki síst með

tilkomu gervigreindar – er lykilatriði að nemendur læri að skilja, nýta og takast á við upplýsingar af gagnrýnu hugarfari. Við viljum að þau sjái tækifærin sem felast í tækninni, en átti sig líka á áskorunum og ábyrgðinni sem henni fylgir.

- Tónlistardeildin – sem verður áfram mikilvægur þáttur í skólastarfinu og leggur sitt af mörkum til menningar- og samfélagslífsins hér í héraði.

Óveður og/eða ófærð

Grunn- og leikskólar Þingeyjarsveitar hafa sett sér sameiginlega viðbragðsáætlun vegna óveðurs og/eða ófærðar og hana má finna [hér](#).

Viðbrögð við áföllum

Viðbragðsáætlun Þingeyjarskóla þegar áföll verða má finna [hér](#).

Áætlun gegn einelti

Viðbragðsáætlun Þingeyjarskóla vegna eineltis má finna [hér](#).

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun Þingeyjarskóla má finna [hér](#).

Rýmingaráætlun

Rýmingaráætlun Þingeyjarskóla má finna [hér](#).

Forvarnarstefna

Í vinnslu.

Starfsmannastefna

Í vinnslu.

Starfsþróunarstefna

Starfsþróunarstefnu Þingeyjarskóla fyrir skólaárið 2024-2025 má finna [hér](#).

Veikindafaraldur

Ef upp kemur alvarlegur faraldur er stuðst við viðbragðsáætlun vegna neyðarstigs frá Almannavörnum. <http://www.landlaeknir.is/smit-og-sottvarnir/>

Viðbragsáætlun vegna jarðskjálfta og eldgoss

Í vinnslu

Áætlun um öryggi og slysavarnir

Áætlun um öryggi og slysavarnir Þingeyjarskóla má finna [hér](#).